

Green screen: Upplifun, sköpun og þátttaka

Green screen tækni hefur verið notuð á ýmsum námskeiðum Fjölmenntar, með það að markmiði að auka upplifun, virkja sköpunarkraftinn og stuðla að þátttöku. Með tækninni má taka myndir eða myndskreið og breyta um bakgrunn þannig að þátttakendur eigi möguleika á að sjá sjálfa sig í öðru umhverfi en því sem venjuleg kennslustofa býður upp á og tengjast þannig viðfangsefninu á annan hátt.

Mikilvægt markmið í fullorðinsfræðslu fatlaðs fólks getur verið að auka tækifæri til fjölbreyttrar upplifunar. Dæmi um námskeið þar sem green screen tækni hefur verið notuð til **að auka upplifun** þátttakenda:




Á sumarnámskeiðinu *Upplifðu eldgosið* fengu þátttakendur tækifæri til að upplifa sjálfa sig í návígi við eldgosið í Geldingadölum sumarið 2021. Þetta var upplifun sem margir höfðu ekki möguleika á að njóta í raunveruleikanum. Námskeiðið hófst á myndbandi af gönguleiðinni upp að gosinu, með hljóðum af braki í skóm, vindinum, fólkinu sem var á leið upp. Myndbandinu var varpað á heilan vegg og hljóð var spilað í góðum hátölurum. Þátttakendur fengu myndir og myndskreið af sér við eldgosið sem þau gátu síðan deilt t.d. á samfélagsmiðlum – eins og þorri landsmanna á þeim tíma. Á myndinni sést Vilborg Eiríksdóttir standa í brekkunni fyrir framan gíginn.



Á tónlistarnámskeiðinu *Tónlist og trix* var unnið með söng og fræðslu um tónlistarmenn. Þátttakandi valdi sér lag til að syngja í hverjum tíma sem tengdist fræðslu um ákveðinn tónlistarmann. Notað var brot úr myndbandi af Youtube með viðkomandi lagi og tónlistarmanni í bakgrunni þannig að þátttakandi upplifði að syngja lagið með tónlistarmanninum á sviði. Á myndinni sést þátttakandi, Arnór Freyr Arnarson, syngja lagið “Hotel California” með hljómsveitinni Eagles.

Sköpun er mikilvægur þáttur í öllu námi, líka í fullorðinsfræðslu fyrir fatlað fólk þar sem þarf stundum aukinn stuðning eða tæki til þess að efla sköpun. Dæmi um námskeið þar sem green screen tækni hefur verið notuð til **að styðja við sköpun** þátttakenda:



Á *listnámsbraut, haustið 2019*, bjuggu þátttakendur meðal annars til lítil svið í myndlist sem voru síðan notuð sem bakgrunnur í myndbandi þar sem þátttakendur léku frumsamið lag sem hafði verið búið til í tónlist. Með þessu var reynt að efla sköpun með því að vinna út frá áhugamálum þátttakenda. Á myndinni sést Nína Kristín Sigurbjörnsdóttir flytja lag, sem hún hafði samið á iPad, á sviði sem hún hafði búið til í myndlist.



Í *Kór og Hljómsveit* hafa þátttakendur búið til tónlistarmyndbönd og saman ákveðið bakgrunn og útlit. Verkefnið var ein leið að því markmiði að skapa eitthvað saman sem hópur. Á myndinni sjást þátttakendur í *Kór* á vorönn 2019 í myndbandi við lagið “Gerum okkar besta”. Hægt er að sjá myndböndin á [heimasíðu Fjölmenntar](https://www.fjolmenntar.is/).



Á myndlistarnámskeiði hafa verið búnar til stuttmyndir bæði í tvívídd og þrívídd með Stop Motion og green screen tækni. Þátttakendur hafa nýtt sér ólíkar leiðir og ólík efni í sköpunina. Sum nýttu myndir af sér en önnur notuðu leikmuni af ýmsum toga. Útbúið var lítið „green-screen“ með kartoni, tauefni eða með málningu. Þau sem unnu í tvívídd höfðu green screenið flatt á borði og símann eða spjaldtölvuna fyrir ofan og látin taka mynd beint niður. Þau sem unnu í þrívídd settu upp green screen með gólfi og þremur hliðum og stilltu upp síma eða spjaldtölvu fyrir framan til að taka myndir beint á sviðið. Á myndinni má sjá Ingimar Azzad Torossian vinna að stuttmynd með teiknimyndafígúrum sem hann safnar og ákvað að nota í myndina. Hann tók einnig upp hljóð og samtöl og setti tónlist við myndina.

Þátttakendur þurfa stundum aðstoð við að taka virkan þátt í náminu. Einnig geta þátttakendur haft þörf fyrir aðstoð við að segja frá námi sínu og þannig nýta það í daglegu lífi. Dæmi um námskeið þar sem green screen tækni hefur verið notuð til **að efla virka þátttöku í náminu og yfirfærslu þess:**



Á námskeiðinu *Tónlist og trix* völdu þátttakendur sér bakgrunn í h verjum tíma sem tengdist fræðslu um tónlistarmenn og hljómsveitir. Þátttakendur fengu síðan myndina senda heim eftir hvern tíma og gátu nýtt hana til að sýna og ræða við fólkið sitt um viðfangsefni námskeiðsins. Á myndinni sést Ástráður Þór Proppé sem var búinn að fræðast um bassaleikarann og söngvarann Pálma Gunnarsson.



Á jólanámskeiðinu *Rafræn jólakort* hafa þátttakendur útbúið myndir eða myndskreið með bakgrunni að eigin vali og jafnvel jólalagi til að tengja við. Þannig hefur þeim gefist tækifæri til að móta sína eigin persónulegu jólakveðju og senda til vina og vandamána t.d. í gegnum samfélagsmiðla.

Eftirfarandi forrit hafa nýst kennurum hjá Fjölmennt vel til að vinna með green screen tækni og eftirvinnslu mynda og myndbanda:



Green Screen fyrir iPad/iOS stýrikerfi: Hentar vel til að taka myndir/myndskeið “á staðnum” og sjá sjálfan sig um leið á skjánum.



Stop Motion fyrir iPad/iOS stýrikerfi: Hentar vel í sköpun með hlutum og leikmunum. Býður upp á að vinna með green screen líka.



Filmora fyrir Windows stýrikerfi: Klippiforrit sem hentar vel í eftirvinnslu. T.d. má klippa saman einstakar myndir úr Green Screen-forritinu eða bæta bakgrunni við myndir teknar með green screen bakgrunni eftir á. Einnig eru möguleikar á alls konar brellum.



iMovie fyrir iOS stýrikerfi: Klippiforrit sem hentar vel í eftirvinnslu ýmist í tölvu eða snjalltæki.



Canva fyrir Windows og iOS stýrikerfi: Hentar vel í eftirvinnslu mynda tekna með green screen, t.d. í að gera myndir tilbúna til birtingar á samfélagsmiðlum.



Smáforrit samfélagsmiðla: Til eru ýmsir effektar sem nota má með green screen tækni í smáforritum **Instagram, Snapchat og TikTok**.

- Fjöldi smáforrita fyrir snjallsíma og spjaldtölvu. Það er hægt að prófa ókeypis útgáfur af flestum forritum . Ef fólk líkar þau þá er hægt að kaupa sér „pro“ aðgang.